

EFTIRLITSSKÝRSLA



Samherji fiskeldi ehf. Stóru-Vatnsleysu, Vatnsleysuströnd.

Dags eftirlits	13.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Stóru-Vatnsleysu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6104061060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Bogason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís, Bylgja og Vignir	Staðsetning	331424,101 390175,263

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust í eftirlitinu.

Rekstraraðila er bent á ákvæði í 41. grein reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, kröfur til neyslugeyma: „Afgreiðsluplan tengt í olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar“.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Samherja fiskeldi ehf. á Stóru-Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd.

Starfsleyfið er frá 28. mars 2018 og heimilar eldi á laxfiskum allt að 1600 tonn samanlagt þar til fullvöxnum fiski er slátrað. Einungis bleikja er nú í stöðinni.

Eftirlitið hófst á „teams“-fundi fyrir hádegi. Mætt voru Heiðdís Smáradóttir verkefna- og gæðastjóri fiskeldis hjá Samherja, Hjalti Bogason rekstrarstjóri stöðvarinnar á Stóru-Vatnsleysu og Bylgja Hálfðánardóttir aðstoðarmaður rekstrarstjóra. Eftir hádegi var farið í vettvangsheimsókn og bættist Vignir Stefánsson stöðvarstjóri í hópinn.

Dagskrá:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir kröfur í starfsleyfi
- Áhersluverkefni Umhverfisstofnunar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Önnur mál, atvik, breytingar, umgengni, óhöpp og kvartanir

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Fram kemur í ársskýrslu síðasta árs að reksturinn hafi verið með hefðbundnum hætti og gengið vel. Stöðin er með ASC vottun sem gildir til 31. október 2024. Samanlögð framleiðsla síðasta árs var 1391 tonn en dauðfiskur var um 183 tonn.

Allt eldisvatn er sjór úr borholum á sjávarbakkanum neðst í stöðinni. 36 eldisker eru í stöðinni og er engin hreinsun í frárennslinu og ekki krafa um það í starfsleyfinu. Gildra hreinsar dauðfisk úr frárennslisvatninu. Losað er í sjó beint neðan stöðvarinnar. Losun fosfórs má ekki fara yfir 20 kg/tonn af framleiddum fiski. Heildarfórfór (á föstu og uppleystu formi) reiknast upp á 8,7 kg/frameitt tonn sem er undir losunarmörkum starfsleyfisins.

Engin frávik eru opin og hafa ekki komið fram frávik frá kröfum í starfsleyfi undanfarin nokkur ár. Ný áætlun um meðhöndlun úrgangs hefur borist til Umhverfisstofnunar.

2. Farið yfir kröfur í starfsleyfi

Samkvæmt starfsleyfi skulu þrjár skriflegar áætlanir liggja fyrir í starfsstöðinni, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, (grein 1.5), viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (grein 4.4) og neyðaráætlun (grein 4.5). Allar hafa nýlega verið uppfærðar.

Vöktun á áhrifum eldisins á viðtaka skal gera með sýnatöku úr frárennslu. Mælingar skal gera á þriggja ára fresti frá 2018. Næstu mælingar skal gera árið 2024. Vegna ASC vottunar hafa undanfarin ár verið gerðar mánaðarlegar mælingar á sviföngnum, BOD-5, heildarfórfór og heildarköfnunarefni.

Aðferðir við skráningar voru skoðaðar og hvernig upplýsingar úr tölvukerfum, dagbókum og myndatöku eru nýttar til þess að uppfylla skráningaskyldur í starfsleyfinu. Ekki eru gerðar athugasemdir við mælingar og skráningar.

Árlega skal skila ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Öll gagnaskil til Umhverfisstofnunar voru tímanleg og ekki gerðar athugasemdir við það.

Skoðuð var geymsla sótthreinsunarefna, lyfja og annarra hættulegra efna. Umgengni var til fyrirmyndar. Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

3. Áhersluverkefni Umhverfisstofnunar

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Olíugeymar fiskeldisins eru innandyra og ólíklegt er að á Stóru-Vatnsleysu sé olíumengun í jarðvegi.

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar.

4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar. Niðurstöður áhættumatsins verðar nýttar við endurskoðun áhættumats fyrir strandstöðvar.

5. Önnur mál, atvik, breytingar, umgengni, óhöpp og kvartanir

Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í stöðinni. Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir borist vegna hennar.

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Stöðin er áferðarfallæg, nýmáluð og ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á ákvæði í 41. grein reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, kröfur til neyslugeyma: „*Afgreiðsluplan tengt í olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar*“.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.07.2023



Gottskálk Friðgeirsson